



**Matvælaráðuneytið**  
**Borgartún 26**  
**105 Reykjavík**

Sent í gegnum samráðsgátt

*Reykjavík, 12. desember 2023*

**REGLUGERÐ um (4.) breytingu á reglugerð nr. 540/2020, um fiskeldi**

Landvernd styður hverja þá breytingu sem setur sjókvíaeldi stífarí ramma og skorður sem minnka hættu á stórslysum fyrir íslenska náttúru og vistkerfi og erfðablöndun við villtan lax í ám.

Nánari reglur um neðansjávar eftirlit, lúsatalningu og skýrslugerð rekstrarleyfishafa eru einnig nauðsynlegt framfaraskref að mati Landverndar. Lúsatalning úr öllum kvíum þarf að vera fortakslaus regla og Landvernd treystir á að fyrirkomulag talningar eins og það er kynnt í reglugerðardrögunum dugi til að halda laxalús í algjöru lágmarki, en lúsafaraldur í sjókvíaeldi má aldrei viðgangast.

Að gefnu tilefni, vegna nýlegrar niðurstöðu Ríkisendurskoðunar um eftirlit MAST, vill Landvernd einnig árétta að til þess að eftirlit virki, þarf að ríkja traust um það. Eftirlitsstofnanir verða að vera vel fjármagnaðar, hafnar yfir vafa um hagsmunatengsl, geta brugðist hratt við og fylgja málum markvisst eftir.

Landvernd telur að í reglugerð þurfi að koma skýrt fram að rekstrarleyfishafi beri allan kostnað af eftirliti, uppsetningu búnaðar, talningu og skýrslugerð. Sömuleiðis er mikilvægt að skrifa inn sektarheimildir til handa Matvælastofnun sem hægt verði að beita ef rekstrarleyfishafar uppfylla ekki þær skyldur sem kveðið er á í reglugerðum og nánari reglum um framkvæmd eftirlits eða um skýrslugerð.

*Fyrir hönd stjórnar*

*Þorgerður M Þorbjarnardóttir*

*Formaður*